

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 14/2019.

Reykjavík, 05.07.2019

2019070073

Efni: Innköllun á Bónus Tröllahöfrum vegna aðskotahlutar (líklega plast).

Aðföng hafa, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Bónus Tröllahafra** vegna þess að gegnsær aðskotahlutur, líklega plast, hefur fundist í einum poka.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin **einskorðast** við:

Vörumerki: Bónus.

Vöruheiti: Tröllahafrar.

Strikanúmer: 5690350053273.

Best fyrir: 16-08-2020 og 19-08-2020.

Nettómagn: 1 kg.

Framleiðandi: Nathan & Olsen hf., Klettagörðum 19, 104 Reykjavík fyrir Aðföng.

Dreifing: Verslanir Bónus um land allt.

Viðskiptavinum sem keypt hafa vöruna er bent á að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í versluninni þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530 5600, gaedastjori@adfong.is.

